

Lög

um

dýralækna.

Nr. 61.
3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dýralæknar skulu fjórir, einn í Sunnlendingafjórðungi, annar í Vestfirðinga-
fjórðungi, þriðji í Norðlendingafjórðungi, fjórði í Austfirðingafjórðungi.

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Ákvæði þessi ganga í gildi, þegar dýralæknar verða skipaðir í Austfirðinga-
fjórðung og Vestfirðingafjórðung.

2. gr.

Dýralæknar skulu fá laun úr landssjóði, 1500 kr. hver á ári.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur
í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr
degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirælum 4. gr. í lögum 2. febr.
1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist,
fá honum ókeypis fararþena og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrir-
ælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru numin úr gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.